

**Háskólinn á Akureyri
Kennaradeild
Grunnskólabraut
Vormisseri 2010**

Birtingarmynd umhyggju og virðingar í uppeldisstjórnun grunnskóla á Akureyri

Kristján Eldjárn Sighvatsson

Lokaverkefni

**Háskólinn á Akureyri
Kennaradeild
Grunnskólabraut
Vormisseri 2010**

Birtingarmynd umhyggju og virðingar í uppeldisstjórnun grunnskóla á Akureyri

Kristján Eldjárn Sighvatsson

Lokaverkefni til 180 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild

Leiðsögukenari Rúnar Sigþórsson

Yfirlýsingar

Ég lýsi því hér með yfir að ég einn er höfundur þessa verkefnis og að það er ágóði eigin rannsókna.

Kristján Eldjárn Sighvatsson

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild.

Rúnar Sigbórsson

Útdráttur

Þessi ritgerð er unnin sem lokaverkefni til B.Ed. prófs í Kennaradeild við Hug- og Félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri 2010. Hver er birtingarmynd umhyggju og virðingar í uppeldisstjórnun grunnskóla á Akureyri er spurning sem reynt er að leita svara við í þessari ritgerð. Við efnisöflun voru heimsíður grunnskólanna skoðaðar og athugað hvað þær hefðu fram að færa um efnið. Rannsóknarspurningin var einnig send á alla skólastjóra grunnskólanna þannig að þeir gætu einnig brugðist við henni. Heimasíður grunnskólanna er upplýsingamiðill fyrir foreldra og forráðamenn. Brýnt er að heimasíðurnar gefi upplýsingar um starfsemi skólanna þannig að foreldrar og forráðamenn geti fylgst vel með hvað er að gerast innan veggja þeirra.

Gildin umhyggja og virðing eru samofin í okkar daglegu samskiptum og eru það sem ætti að einkenna allt skólastarf. Þau eru stór þáttur í uppeldisstjórnun og að tileinka sér þau sem lífssýn er stór partur af því að vera kennari. *Aðalnámskrá grunnskólanna: Almennur hluti* segir að starf grunnskóla eigi að mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs, kristins siðgæðis og umburðarlyndis. Umhyggja og virðing eru gildi sem flokkast í hóp þeirra gilda. Grunnskólar á Akureyri hafa allir innleitt eða eru í innleiðingarferli á uppeldisstefnum eins og SMT-skólafærni, Uppbyggingarstefnu eða Jákvæðum aga. Það er stefna skóladeildar Akureyrarbæjar að allir grunnskólar styðjist við viðurkennda uppeldisstefnu. Gildi og dygðir hafa meira vægi innan Uppbyggingarstefnunnar og Jákvæðs aga heldur en hjá SMT-skólafærni þó svo að unnið sé með gildi og dygðir í öllum þessum uppeldisstefnum.

Abstract

This thesis is the final project of a B.Ed degree at the Faculty of Education of the Social Sciences department at the University of Akureyri in 2010. "*How are caring and respect presented in Akureyri's elementary schools' behavior management*" is the question that is put forth in this thesis. Data for this thesis was collected from the schools' webpages that covered these subjects. The principals of each school were also presented with the research question above, to answer regarding the material. The elementary schools' websites are an important resource for the parents and caretakers of children, and it is therefore essential that they are informative about the schools in order for those people to be aware of what takes place within the walls of those institutions.

Caring and respect are values that are woven into our communications on a daily basis and as such they should be emphasized in our schools. These values are a big factor in behavior management and adapting them into our daily work is an essential part of becoming a teacher. The common part of the Main Curriculum of Elementary Schools states that elementary schools should be shaped by the values of democratic collaboration, Christian values and tolerance. Caring and respect are both crucial aspects of those values. Akureyri's elementary schools have all incorporated or started incorporating, behavior management programs, such as SMT (the Icelandic version of Positive Behavior Support), Restitution and Positive Discipline. It is a policy of Akureyri's Educational Board that all elementary schools will adapt an accepted behavior management system. Values and virtues have more weight within Restitution and Positive Discipline than SMT even though values and virtues are incorporated into all of these theories.

Efnisyfirlit

Yfirlýsingar	ii
Útdráttur	iii
Abstract	iv
Efnisyfirlit	1
1 Inngangur	2
2 Umhyggja og virðing	4
2.1 Skilgreiningar	4
2.2 Umhyggja og kenning	6
2.3 Virðing í skólastarfi	7
2.4 Samantekt	8
3 Uppeldisstjórnun	9
3.1 Uppbyggingarstefnan	9
3.2 Jákvæður agi	12
3.3 SMT-skólafærni	14
3.4 Samantekt	18
4 Um könnunina	19
5 Niðurstöður	20
5.1 Lundarskóli	20
5.2 Naustaskóli	21
5.3 Oddeyrarskóli	22
5.4 Síðuskóli	22
5.5 Glerárskóli	23
5.6 Brekkuskóli	24
5.7 Giljaskóli	24
5.8 Samantekt - helstu niðurstöður	25
6 Umræður	26
7 Lokaorð	29
Heimildaskrá	30

1 Inngangur

Ég á tvö börn, stúlku sem er fimm ára og dreng sem er sjö ára. Á þeim tíma sem ég hef verið í grunnskólakennaranámi hef ég oft velt því fyrir mér hvernig ég vil að börnin mín komi út úr grunnskóla eftir tíu ára veru þar. Það er mikilvægt að þau séu fróð um ýmislegt og séu tilbúin að fara í framhaldsskóla, var svarið líklega hjá mér áður en ég hóf nám. Í dag er það þannig að eftir þriggja ára nám tel ég að það sé jafn mikilvægt, ef ekki mikilvægara, að þau séu góðir einstaklingar en ekki bara fróðir einstaklingar eftir grunnskólagöngu. Með orðinu góður einstaklingur á ég við að þau geri sér grein fyrir stöðu sinni í samfélaginu, hafi í heiðri þau gildi sem við viljum að samfélag okkar sé byggt á og séu almennt séð dygðugir einstaklingar. Kennarar eru fyrirmyndir barna, rétt eins og foreldrar þeirra. Það er því mikilvægt að þeir hafi í heiðri gildi eins og umhyggju, virðingu fyrir einstaklingnum, samábyrgð og umburðarlyndi. Uppeldisstjórnun er stór þáttur í skólastarfi og í dag taka flestir skólar mið af eða hafa tekið upp uppeldisstefnu. Á Akureyri er það stefna skóladeildar að leik- og grunnskólar notist við viðurkenndar uppeldisstefnur eins og SMT-skólafærni, Uppbyggingu eða Jákvæðan aga. Grunnskólarnir hér á Akureyri hafa allir tekið upp viðurkennda uppeldisstefnu eða eru í innleiðingarferli á slíku. Í ljósi þess lék mér forvitni á að vita hver staða umhyggju og virðingar væri í uppeldisstjórnun í grunnskólum á Akureyri.

Í fyrstu var hugsunin að gera rannsókn sem væri byggð á viðtölum við skólastjórnendur. Við nánari skoðun sýndist mér að það hefði reynst full viðamikið fyrir þessa ritgerð þannig að úr var að gera litla könnun þar sem skólanámskrá grunnskólanna á Akureyri yrði skoðuð og ein spurning yrði send á skólastjórnendurna til að dýpka aðeins niðurstöðurnar. Spurningin sem send var á skólastjórnendur var, hver er birtingarmynd umhyggju og virðingar í uppeldisstjórnun þíns grunnskóla. Ég vil frekar kalla þetta könnun en rannsókn, þar sem ekki var kafað djúpt í leit að svörum heldur þreifað meira á yfirborðinu og reynt að komast að því hver birtingamynd umhyggju og virðingar væri í uppeldisstjórnun grunnskóla á Akureyri. Vegna neikvæðrar merkingar sem lögð er í orðið agastjórnun reyni ég frekar að tala um uppeldisstjórnun og þau kerfi sem eru í notkun uppeldisstefnur.

Ritgerðinni er skipt í eftirfarandi kafla: Fyrst er inngangur. Síðan er fræðilegur kafli en hann skiptist í tvo aðalkafla. Fyrri kafllinn fjallar um umhyggju og virðingu frá

siðferðilegu sjónarhorni í tengslum við kennslu og skólastarf. Í þessum kafla eru einnig skilgreiningar á gildum, dygðum og grunnildum. Seinni hluti fræðilega kaflans er um uppeldisstjórnun, þar eru kynntar þær uppeldisstefnur sem eru í notkun í grunnskólum á Akureyri. Þriðji kafli fjallar um aðferðir við efnisöflun og úrvinnslu gagnanna. Þar kemur fram sú spurning sem lögð var fyrir skólastjórnendur og hvaða aðferð var notuð við skoðun á heimasíðum skólanna. Í fjórða kafla eru niðurstöður dregnar saman úr þeim gögnum sem fengust við efnisöflun. Ritgerðinni lýkur á umræðukafla þar sem niðurstöður eru dregnar saman og ræddar. Þar ræði ég niðurstöðurnar út frá þeirri spurningu sem ég spurði í byrjun. Einnig velti ég fyrir mér öðrum spurningum sem vöknudu við lestur á efni vð vinnslu þessarar ritgerðar og skriftir á henni.

2 Umhyggja og virðing

2.1 Skilgreiningar

Gildi eru vegvísar sem við tileinkum okkur sem persónur og sem þátttakendur í samfélagi. Án gilda gætum við ekki skilgreint okkur sem þátttakendur og ekkert samfélag væri til. Gildi eru siðferðilegar skoðanir okkar og lífssýn, uppeldis- og menntunarsýn okkar er byggð á gildum (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls. 37). Gildi eru verðmæti sem einhvers virði er að sækjast eftir. Þau eru grundvöllur að siðferði okkar, við lærum þau í uppvexti okkar og þau berast til okkar frá foreldrum, kennurum og fjölskyldu. Gildi aðstoða okkur við að skapa þá tilveru sem við lifum í, án þeirra er lífið ruglingslegt og án samhengis.

Grunngildi vísar til þeirra gilda þar sem hagsmunir heildarinnar eru hafðir að leiðarljósi og samfélög eru byggð á. Með orðinu grunngildi er átt við þau gildi sem öðlast samþykki í frjálsri umræðu í þjóðfélaginu og bæði karlar og konur geta sætt sig við að séu þeirra gildi. Grunngildi geta verið siðferðileg og af öðrum toga. Öryggi, líkamlegt og tilfinningalegt er dæmi um grunngildi sem eru ekki af siðferðilegum toga. Dæmi um siðferðilegt grunngildi er umhyggja. Þótt sum grunngildi séu ekki siðferðileg er það siðferðileg skylda okkar að hlúa að þessum gildum hjá fólki. (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls. 99).

Dygd höfðar til breytni fólks og eru persónulegir eiginleikar fólks eins og trygglyndi og hjálpssemi. Munurinn á gildi og dygd er þá að gildi er lífssýn en dygd breytni. Umhyggja er gildi en umhyggjusemi dygd. Allar dygðir geta flokkast undir gildi en öll gildi eru ekki dygðir til dæmis frelsi. Dæmi um dygðir eru hófsemi, heiðarleiki, hreinskilni, traust og dugnaður (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls. 37). Dygd er ekki meðfætt persónueinkenni, hún er breytni sem er lærd í uppeldi. Góðar dygðir einkenna góða manneskju og eru þær leiðbeinandi fyrir góða hegðun (Gunnar E. Finnbogason, 2004, bls. 176).

Umhyggja er dæmi um gildi sem allir þurfa að tileinka sér og okkur ber að hafa fyrir öðrum, kennarar eru ekki þar undanskildir. Þeir eru það sem börnin okkar líta sér næst á eftir foreldrum og nánum ættingjum. Þetta á reyndar við um alla í samfélaginu ekki bara kennara, það veit enginn æfi sína og maður gæti þurft á umhyggju að halda frá fólki sem eru ekki ættingjar eða vinir í veikindum eða sorg (Gunnar Hersveinn, 2008, bls. 155).

Umhyggja flokkast sem algilt grunngildi, Að vera umhyggjusamur flokkast sem dygð. Fyrir kennara er það siðferðileg skylda hans að veita umhyggju og vera umhyggjusamur. Að veita umhyggju eða vera umhyggjusamur gerir það samt ekki að verkum að kennarinn verði að setja sig í spor þess sem hann veitir umhyggju. Kennarinn veitir nemandanum ákveðna þjónustu með því að sýna honum umhyggju. Það svar sem kennarinn leitar eftir er að nemandinn opni sig fyrir umhyggjunni og meðtaki hana. Noddings (1984, bls.33) gerir ekki ráð fyrir því að nemandi sýni kennara sínum endilega umhyggju til baka enda sé hlutverk hans að veita og annarra að þiggja.

Umhyggja fyrir einhverjum þýðir ekki endilega að þykja vænt um persónuna, en það er hins vegar ósennilegt að ef manni þykir vænt um einhvern að maður sýni þeim sama ekki umhyggju. Það eru líklega fáar manneskjur í heiminum sem vilja ekki eða þrá að fyrir þeim sé borin umhyggja. Umhyggja felur í sér öryggi og traust, nemendur sem eru að stíga sín fyrstu skref inn í þann stóra og nýja heim sem grunnskólinn er þurfa á mikilli umhyggju að halda. Erfiðleikar þeirra við að hefja skólagöngu og glíman við samfélagið sem stækkar og breytist hjá þeim gerir þörf þeirra fyrir umhyggju ríkari og meiri. Umhyggja og virðing eru gildi sem eru samofin kennarastarfinu, hver manneskja á rétt á að henni sé sýnd virðing og umhyggja. Immanuel Kant gengur út frá því að hver manneskja hafi siðferðislegan rétt á því að fyrir honum sé borin virðing og hann njóti umhyggju (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls. 79).

Gunnar E. Finnbogason (2004, bls.175). Talar um að hjá okkur sem einstaklingum myndist gildagrunnur sem mótast af því samfélagi og af þeirri menningu sem við lifum í. Gildagrunnur er hugtak sem ekki er notað mikið í umræðu um skólamál á Íslandi. Grunnur vísar til þess sem er óhagganlegt og ekki er hægt að byggja upp nema að hafa grunn. Hlutverk slíks gildagrunns í skólum er að móta og tryggja siðferðilegan grundvöll. Þau gildi sem móta grunnskólann eru þau gildi sem sett eru fram í *Aðalnámskrá grunnskólanna*. Starfshættir eiga að mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs, kristins siðgæðis og umburðarlyndis.

Virðing er gildi sem túlkað er á margan hátt, sjálfsvirðing, gagnkvæm virðing, óttablandinn virðing og svo framvegis. Virðing og sjálfsvirðing eru gildi sem eru skyld. Sjálfsvirðing beinist inn á við og er hluti sjálfsmýndar okkar. Einstaklingur sem hefur sterka sjálfsvirðingu er meðvitaður um hver hann er og hvert hann stefnir. Sá sem ekki ber virðingu fyrir sjálfum sér á erfitt með að fóta sig í samfélaginu. Virðing

fyrir öðrum eða gagnkvæm virðing kemur fram í því að maður hlustar eftir því hvað aðrir segja og hvaða skoðanir þeir hafa. Við rökræðum hugmyndir og gerðir, gagnrýnum og ræðum saman um það sem er efst á baugi hjá hvert öðru. Að sýna öðrum virðingu með þessu móti þá eflir þú sjálfsvirðingu hans og eykur sjálfstraust hans og trú á eigin verðleikum. (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls. 78).

2.2 Umhyggja og kennsla

Það er mannum eðlislægt að sýna umhyggju. Börn eru fljót að finna ef kennari er ekki sannur í starfi og gefur sig ekki allan í það. Þegar kennarinn verður svo stór partur af lífi barna sem hann er í dag eru þau fljót að átta sig á fyrir hvað hann stendur. Er hann sanngjarn eða ósanngjarn, heiðarlegur eða óheiðarlegur? Kennarinn verður að hluta fyrirmynd nemenda sem og trúnaðarvinur. Því er það skylda hans að vera heill í því sem hann gerir (Gunnar Hersveinn, 2008, bls. 214).

Umhyggjusemi er ein af þeim lykil dygðum sem kennari þarf að hafa og getur notað sér í kennslu til að ná til nemenda. Meginniðurstaða rannsóknar Ásdísar Hrefnu Haraldsdóttir sem hún gerði fyrir MA-ritgerð sína, sýndi að nemendur líta meira til viðmóts kennara og persónulegra einkenna hans heldur en kennslufræðilegra þátta þegar þeir greina í sundur kosti og ókosti kennara. Þau atriði sem þeir nefna helst sem kosti kennara eru að hann sé hress og skemmtilegur, skapgóður og blíður, hjálpsamur, sýni nemendum virðingu, skilning og hlusti á skoðanir þeirra. Allt eru þetta þættir sem bera með sér umhyggju og ef kennari hefur þessi einkenni er hann umhyggjusamur kennari (Ásdís Hrefna Haraldsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2008, bls. 47). Umhyggja er líka að setja mörk og reglur. Börn þurfa að læra að fara eftir reglum og læra þannig að finna sinn eigin sjálfsaga. Hún er stuðningur sem börnin hafa þegar þau máta sig við hvað þeir mega gera og hvernig þau passa inn í það skipulag og reglur sem skólinn og samfélagið setur (Sigríður Síta Pétursdóttir, 2009, bls. 136–137).

Nemendur vilja að kennarar sýni þeim umhyggju og rannsóknir hafa sýnt að kennari sem er umhyggjusamur og lætur sér annt um nemendur sína nær frekar árangri með þeim. Það eru ýmsar leiðir til að skapa góðan bekkjarblæ og samband milli nemanda og kennara. Mannleg samskipti á jafnréttisgrundvelli eiga þar við í flestum tilfellum. Börn læra það sem fyrir þeim er haft og því þurfa kennarar að hegða sér eftir því hvaða áhrif þeir vilja hafa á nemendur. Það þarf að ræða hvaða væntingar

kennarinn ber til nemenda og hvað væntingar þeir hafa til námsins. Kennari verður að vera sanngjarn og samkvæmur sjálfum sér. Hann verður einnig að sýna nemendum sínum virðingu og alúð. Kennari sem ekki virðir nemendur eða sýnir þeim ekki umhyggju og alúð nær ekki því sambandi við þá sem nauðsynlegt er til að ná árangri. Kennarar þurfa að gefa nemendum tækifæri til að tjá sig þannig að opin skoðanaskipti get átt sér stað (Burden og Byrd, 2007, bls. 246–247).

Noddings (1984, bls. 197–198) vill færa umhyggjuna meira í kennarastarfið og minnka áhersluna á að skilgreina kennarann sem fagmann. Þannig sé auðveldara fyrir skólana að fá foreldra og samfélagið inn í skólastarfið. Hún telur að með þessu sé ekki verið að gjaldfella kennarastarfið heldur sé verið að færa það nær heimilunum og foreldrunum. Með því að auka vægi umhyggju og siðferðilegra gilda í kennslunni megi minnka bilið milli kennara og nemenda. Einnig bendir hún á að með þessari breytingu að auka vægi siðferðilegra gilda í kennslu geti áherslan á uppeldisstjórnunarþætti minnkað eða horfið.

2.3 Virðing í skólastarfi

Í *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti* (2006, bls.10) segir að starfshættir skólans eigi að spegla hin siðferðilegu gildi samfélagsins. Þar er einnig bent á að helstu gildi lýðræðislegs samstarfs séu virðing fyrir einstaklingnum og samábyrgð. Heimili og skóli eiga í sameiningu að leggja áherslu á að efla siðferðisvitund og ábyrga hegðun nemenda. Kennarar eiga að vera fyrirmynd nemenda og breytni þeirra á að mótast af þeim gildum sem skólinn og samfélagið setur þeim. Uppeldis- og menntunarmarkmið skólans nást ekki nema þau gildi sem hann setur sér að starfa eftir séu inntak alls skólastarfsins. Allar námsgreinar og kennsla verða að stuðla að þessum markmiðum

Lífsleiknikennsla er góð leið að efla siðferðisþroska nemanda. En það felur meðal annars í sér að nemandinn rækti siðferðisvitund sína og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Lífsleiknikennsla er sú námsgrein sem er ef til vill best til þess falin að ræða hugmyndir nemenda um þeirra lífssýn og á hvað gildum þeir vilja byggja líf sitt. Innan lífsleikninnar er rúm fyrir markvissa dygðakennslu sem hefur þau gildi að leiðarljósi sem við viljum að samfélag okkar sé byggt á. Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla: Lífsleikni* (2007, bls. 5) á lífsleiknikennsla að miða að því efla félagsþroska nemenda, hún á að fást við þætti sem tengjast því að vera virkur í lýðræðisþjóðfélagi. Kynna fyrir nemandanum meðal annars, jafnrétti, ábyrgð,

mannréttindi, umburðarlyndi og gagnkvæma virðingu. Kennslan á að miða að því að nemandinn þjálfist í gagnrýnni hugsun og læri að færa rök fyrir máli sínu.

Virðing ásamt umhyggju eru gildi sem kennari þarf að tileinka sér til að skapa rétt og gott andrúmsloft í bekk. Það er auðvelt að setja það upp fyrir sjálfum sér að vilji maður að borin sé virðing fyrir sér sem kennara og þeim reglum sem gilda þurfi maður að bera virðingu fyrir nemendum sínum. Gagnkvæm virðing lýsir sér þannig að maður veitir öðrum athygli, hlustar hvað aðrir hafa að segja, sýnir öðrum trú og traust og hvetur hann eða hana áfram. Virðing snýst um að sýna áhuga þegar nemandi vil treysta okkur fyrir leyndarmálum sínum, vonum og þrám. Gagnkvæm virðing er samkomulag milli tveggja aðila þar sem tilfinningar og gerðir hvers og eins eru virtar (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls. 77).

Að mati nemenda er gagnkvæm virðing lykilatriði þegar kemur að uppeldisstjórnun í skóla (Derio, 2003, bls. 62). Nemendur vilja ekki að þeim sé pakkað inn í bómull og ekkert óvænt eða slæmt geti gerst. Þeir vilja að komið sé fram við þá sem persónur sem eru tilbúin að takast á við lífið og þá erfiðleika sem geta fylgt því. Kennarinn á að vera heiðarlegur í framkomu við nemendur og bera virðingu fyrir þeim. Ef nemandi finnur að kennarinn ber virðingu fyrir honum er hann líklegri til að opna sjálfan sig og taka við því sem kennarinn býður honum.

2.4 Samantekt

Gildi og dygðir eru hluti af okkar lífi og því samfélagi sem mótar börnin okkar. Með orðinu samfélag hér er átt við foreldra, kennara og nána ættingja, samfélag barna er oft ekki stærra en svo fyrstu árin í skóla. Orðið gildi vísar til lífssýnar fólks en dygd til breytni þeirra. Gildi eins og umhyggja og virðing eru sérstaklega mikilvæg okkur öllum, ekki bara börnum. Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskólanna: Almennur hluti á skólustarf meðal annars að vera mótað af þessum gildum og starf skólans á að ganga út frá þeim*. Sigrún Aðalbjarnardóttir rammur þessi gildi inn sem kjarna þess hvernig samskipti okkar eigi að fara fram. Hún segir en fremur að það sé ekki langt á milli þeirra gilda að sýna fólki virðingu og bera fyrir því umhyggju. Þau séu samofin í okkar daglegu samskiptum.

3 Uppeldisstjórnun

Í bók sinni *Reynsla og þekking* talar John Dewey (2000, bls. 62–64) um það félagslega taumhald sem er í hinu daglega lífi og venjulegir þegnar fylgja án þess að líta á það sem takmörkun á frelsi sínu. Samkvæmt Dewey er félagslegt taumhald alls staðar í þjóðfélaginu og samfélög ganga út á þær reglur sem það setur, skráðar sem óskráðar. Börn eru vön þessu taumhaldi heiman frá og í daglegu lífi sínu, því þarf skólinn ekki að óttast slíkar reglur. Á skólalóðinni fara börn í leiki sem lúta reglum; í kappleikjum er dómari sem hefur úrskurðarvald ef ágreiningur kemur upp, ekki ólíkt og í skóla þar sem kennarinn hefur úrskurðarvaldið. Ef horft er á leik barna eða kappleik þá er það þannig í rauninni að það taumhald sem reglurnar setja, skráðar og óskráðar gera það að verkum að þörfin fyrir úrskurðarvaldið er ekki mikil en samt nauðsynleg við og við.

Uppeldisstjórnun er eitt af hlutverkum kennara og skóla. Orðið bekkjarstjórnun (e. *classroom management*) er gjarnan notað þegar rætt er um uppeldisstjórnun en orðið vísar til stjórnunar inn í bekk. Til eru ýmsar skilgreiningar á bekkjarstjórnun, henni er ágætlega lýst í *Aukin gæði náms* (Rúnar Sigþórsson, Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West, 1999, bls. 156). Þar er talað um að bekkjarstjórnun byggji ekki á töfrum heldur markvissum vinnubrögðum sem byggja á góðu skipulagi, hlýju, gagnkvæmri virðingu, skýrum reglum sem nemendur taka þátt í að móta. Þessi skilgreining bekkjarstjórnun kjarnar saman hugleiðingarnar um umhyggju og virðingu og mikilvægi þessara gilda í bekkjarstjórnun.

Í grunnskólum Akureyrar er unnið með þrjár tegundir af uppeldisstefnum: Uppbyggingarstefnuna, Jákvæðan aga og SMT-skólafærni. Stefna skóladeildar er að skólar innleiði viðkenndar uppeldisstjórnunarleiðir eins og SMT-skólafærni, Uppbyggingarstefnuna og Jákvæðan aga. Jafnframt vilja þeir bjóða foreldrum upp á almenn og sérhæfð námskeið í PMT-foreldrafærni (Stefna skóladeildar Akureyrarbæjar, e.d.).

3.1 Uppbyggingarstefnan

Uppbyggingarstefnan, eða uppeldi til ábyrgðar, er uppeldisstefna sem notuð er í nokkrum skólum á Íslandi. Höfundur þessarar stefnu er Diane Gossen og hefur hún

unnið að framgangi hennar víða um heim þar á meðal hér á landi og hefur hún haldið námskeið hér. Meginatriði þessarar stefnu er að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga, hún er leið til bættra samskipta og aðferð við stefnumörkun skóla í agamálum (Uppbygging í Giljaskóla, e.d.; Uppbyggingarstefnan, e.d.).

Uppbyggingarstefnan byggir á þarfahringnum sem er skilgreindur þannig að kjarninn í hringnum er öryggið, húsnæði, fæði, heilsa, klæði, hvíld og afkoma. Utan um kjarnann eru svo meðfæddar grunnþarfir sem við þurfum að uppfylla, að tilheyra, hafa áhrif, njóta frelsis og vera glöð. Orsök vanlíðunar og slæmrar hegðunar er að við getum ekki uppfyllt þarfir okkar á jákvæðan hátt. Með því að flokka grunnþarfirnar svona niður eiga kennarar og nemendur auðveldara með að skilja og greina ólíkar þarfir, þeir læra að þekkja tilfinningar sínar og ná betri sjálfstjórn. nemendur læra og þjálfast í því að uppfylla grunnþarfir sínar án þess að það komi niður á samnemendum og kennurum. Þeir læra að leysa úr vandamálum sínum í sátt og samlyndi við aðra, þar sem þeir geta rætt tilfinningar sínar, misbrest, vonir og þrár (Uppbygging í Giljaskóla, e.d.).

Stefnan byggir einnig á sjálfstjórnarkenningu William Glasser um hvað það er sem stýrir mannlegri hegðun. Hún byggir á því að nemendur læri að þekkja tilfinningar sínar og hvernig við leitumst við að ná markmiðum okkar og þörfum. Uppbygging, eða uppeldi til ábyrgðar, er byggt upp á nokkrum áhersluþáttum. Uppbyggileg samskipti, sjálfsskoðun og sjálfsagi, leiðir til lausna, innri hvatir frekar en ytri, tækifæri til að leiðrétta mistök og hvernig viljum við vera en ekki hvað erum við að gera. Árið 1996 ákvað Glasser stofnunin að breyta nafni sjálfstjórnunarkenningar sinnar „control theory“ í „choice theory“ og um leið tók stofnunin formlega ákvörðun að hafna notkun agastjórnunar(e. *discipline programs*) við uppeldisstjórnun í skólum (William Glasser Institute, 2010). Orðið „control theory“ er töluvert gildishlaðnara en „choice theory“. Sjálfstjórnunarkenning Glasser eða „choice theory“ byggir á tíu atriðum:

1. Eina hegðunin sem við getum stjórnað er okkar eigin.
2. Það eina sem við getum veitt öðrum eru upplýsingar.
3. Öll langvarandi vandamál af sálfræðilegum toga má rekja til samskipta.
4. Vandamál vegna samskipta eru alltaf hluti af okkar daglega lífi.
5. Það sem að átti sér stað í fortíðinni hefur allt að gera með hvað við erum í dag, við getum aðeins mætt grunnþörfum okkar hér og nú og ráðgert að halda áfram að uppfylla þær í framtíðinni.

6. Við getum einungis fullnægt þörfum okkar með því að fullnægja þeim í okkar gæða heimi.
7. Allt sem við gerum er hegðun.
8. Alger hegðun (e. *total behavior*) og er samsett úr fjórum þáttum: framkvæmdarþætti (e. *acting*), hugsunarþætti (e. *thinking*), tilfinningaþætti (e. *feeling*) og lífeðlisfræðiþætti (e. *physiology*).
9. Alger hegðun (e. *total behavior*) er valfrjáls, en við höfum einungis beina stjórnun yfir framkvæmdar- (e. *acting*) og hugsunar (e. *thinking*) þáttunum. Við getum aðeins stjórnað tilfinninga- (e. *feeling*) og lífeðlisfræðiþáttunum óbeint með því hvernig við kjósum að framkvæma og hugsa.
10. Alger hegðun (e. *total behavior*) er gefin til kynna með sögnum og er nefnd eftir því sem hún er auðþekkjandlegust af.

(William Glasser Institute, 2010).

Uppbyggingarþríhornið er eitt af verkfærum stefnunnar, það byggir á sjálfstjórnunarkenningu Glasser og hjálpar nemendum að meta sig og hegðun sína.

1. Við gerum eins vel og við getum.
2. Öll hegðun hefur tilgang.
3. Áhuginn kemur innan frá. Við höfum sjálfstæðan, innbyggðan viljakraft.

Þegar unnið er með þríhornið er byrjað að spyrja spurninga áður en gerð er áætlun um að laga það sem miður fór. Nauðsynlegt er að nemandinn sé ekki enn í varnarstöðu þegar hann byrjar að vinna með að lagfæra það sem aflaga fór. Það þarf að koma nemandanum úr varnarstöðu, hughreysta hann og gera honum grein fyrir að hann tilheyrir. Þegar því er lokið er hægt greina þörfina sem liggur að baki hegðuninni og leita þeirra gilda sem nemandinn vill lifa eftir, í sátt og samlyndi við aðra (Goosen, 2002, bls. 87–88).

Með Uppbyggingarstefnunni er reynt að kenna hegðun. Hún er byggð á þeirri sýn að í raun getum við einungis stjórnast af okkar eigin vilja en ekki annarra. Skólinn er samfélag og áhersla er lögð á að hann sé umhyggjusamt samfélag sem allir innan skólans tilheyrir. Kennarar, foreldrar, starfsmenn og nemendur taka höndum saman og ræða hvaða lífsgildi eru mikilvæg fyrir skólann og meðlimi samfélagsins innan hans. Einnig er skoðað hvaða reglur eiga að liggja á bak við samfélagið, reglurnar þurfa að vera fáar og skýrar. Uppbyggingarstefnan leggur meiri áherslu á samskipti og samvinnu en reglur. Með samskiptum og samvinnu finni nemendur og kennarar leiðir til lausnar á ágreiningi sínum, hvað liggja að baki og hvernig er hægt að leysa úr.

Nemendum er kennt að bera ábyrgð á sjálfum sér og eigin gerðum og að þeir læra af mistökum sínum og að allir geta gert mistök. Ef einhverjum verður á mistök eða brýtur af sér, er honum hjálpað að leiðrétta misgjörðir sínar. (Uppbygging í Giljaskóla, e.d.; Uppbyggingarstefnan, e.d.).

Hluti af Uppbyggingarstefnunni er það sem gæti kallast skilgreiningar frekar en reglur. Þar sem nemendur skilgreina hlutverk sitt og starfsmanna skólans með kennurum og starfsmönnum. Hægt er að líkja þessu við sáttmála sem manni ber að fara eftir. Þannig þarf færri almennar reglur því manni ber að fara eftir sáttmálanum eða sinna hlutverki sínu. Við gerð sáttmálans sammælist bekkurinn um þau gildi sem hann telur að séu mikilvægust í samskiptum. Allir verða að samþykkja sáttmálann, hvert gildi er skoðað og það metið hvert innihald þess er. Gott er að nemendur vinni sáttmálann sem mest sjálfir því ferlið er ekki síður mikilvægt en sjálf útkoman. Slíkur sáttmáli er grunnatriði fyrir vinnu með sjálfstjórn einstaklinga í hópnum. Þarna er farið frá ytra regluverki og stjórnun í sjálfbæra stjórnun sem byggir á þeim gildum sem bekkurinn velur sér að vinna eftir. Þrátt fyrir sáttmálagerð sem þessa á skólinn að setja niður skýrar línur eða grundvallar reglur sem eru ófrávíkjanlegar gagnvart slæmri hegðun. Þegar þessar reglur eru brotnar er barnið fært úr nemendahópnum og það aðstoðað við að leysa úr vandamálum sínum, þannig að það geti lært af mistökum sínum og byggt sig upp aftur. Dæmi um slíkar grundvallarreglur eru bann við ofbeldi, líkamlegu sem andlegu, notkun tóbaks eða áfengis í skólanum eða á ferðum á vegum skólans (Uppbygging, e.d.).

3.2 Jákvæður agi

Jákvæður agi er uppeldisstefna sem er skyld Uppbyggingarstefnunni. Hún er þróuð út frá sjálfstjórnarkenningu sem felur í sér að skoðaðar eru orsakir hegðunar og hvað liggur að baki hennar þegar unnið er með hegðunina. Jákvæður agi gengur út á að mynda skólabrag sem einkennist af umhyggju, gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu. Leitast er við að nemendur tileinki sér það sem kallað er „hin sjö mikilvægu atriði“ eða (*e. the significant seven*), þrjú af þessum atriðum eru viðhorfstengd en fjögur eru tengd við hæfni. Þessir atriði eru kennd og þjálfuð meðal annars með bekkjarfundum (Glenn, Lott og Nelsen, 2000, bls.11–16; Jákvæður agi, e.d.)

Fyrsta viðhorfstengda atriðið er *ég get*. Það er notað til að nemandi geti þróað með sér betri sjálfsvitund og aukið sjálfstraust í samskiptum við aðra. Þetta þarf að

gerast í þannig andrúmslofti að yfir nemendum verði ekki felldir dómar um árangur eða mistök. Nemandinn á ekki að þurfa skammast sín fyrir sín sjónarmið. Það þarf að skapa öruggan vettvang fyrir nemandann þar sem hann getur mátað skoðanir sínar og hegðun án ótta við að verða dæmdur. Þannig getur hann þroskað með sér sjálfstraust til að geta litið gagnrýnum augum á eigin hegðun og bætt hana.

Annað viðhorfstengda atriðið er *ég tilheyrir og mín er þörf*. Nemandinn verður að öðlast þá tilfinningu að hann gegni hlutverki og hann sé þarfur í samfélaginu. Jákvæður agi gerir ráð fyrir því að nemendur geti látið skoðanir sínar ljós, allir hafi málsrétt og þeir fái þá tilfinningu að þeirra sé þörf.

Þriðja viðhorfstengda atriðið er *ég hef áhrif á mitt umhverfi og líf*. Nemendur verða að fá tilfinningu fyrir eigin áhrifum og valdi yfir eigin lífi. Nemendur munu alltaf nota þau áhrif sem þeir hafa, það er því í verkahring kennarans að beina þeim áhrifum í jákvæðan og góðan farveg til uppbyggingar, ekki niðurrifs. Jákvæður agi gerir ráð fyrir því að nemendur fái tækifæri til að gera mistök og geti lært af þeim, það gera allir mistök í lífinu. Innan bekkjarins eiga nemendur að læra að bera ábyrgð á eigin lífi og mistökum og þeir aðstoðaðir við að draga lærdóm af þeim. Nemendur verða að læra að þeir geta ekki ráðið við allt sem gerist en þeir geta stjórnað og ráðið sínum viðbrögðum við því sem gerist.

Fjórdða atriðið er *hæfnisatriði ég hef sjálfsaga og sjálfsstjórn*. Jákvæður agi skapar gott tækifæri fyrir nemendur til að þróa með sér hæfileika eins og sjálfsaga og sjálfsstjórn. Nemendur virðast vera viljugri til að hlusta ef á þá er hlustað. Þeir öðlast betri skilning á eigin tilfinningum og hegðun með því að fá gagnrýni frá samnemendum. Þeir læra að tilfinningar þeirra eru aðrar en aðgerðir. Þú getur orðið reiður einhverjum en þú ferð samt ekki og lemur hann. Jákvæður agi gerir ráð fyrir því að skapað sé þannig umhverfi að nemendur geti rætt saman og hlustað hver á annan. Þannig nýta þeir sér samnemendur sína til að skapa samfélag í anda lausna og leitar sem hjálpar þeim til að öðlast betri sjálfsstjórn og sjálfsaga.

Fimmta atriðið er *hæfni nemenda til að vinna samviskulega með öðrum*. Innan bekkjarins þarf nemandinn að fá tækifæri til að þroska með sér þann hæfileika að vinna með öðrum í gegnum samræður og að setja sig í spor annarra. Nemendur þurfa að fá tækifæri til að ræða um tilfinningar sínar og upplifanir, komast að niðurstöðu og vinna með hæfileika sína til samskipta.

Sjötta atriðið er *hæfni nemenda til að skilja að þeirra hegðun hefur áhrif á aðra*. Með jákvæðum aga er leitast við að skapa umhverfi þar sem nemendur læra að

Það er í lagi að gera mistök og þeir læra af þeim. Einnig sjá þeir að það er í lagi að bera ábyrgð á eigin gerðum, þeir hætta að líta á sig sem fórnarlömb og allt sem gerist slæmt hjá þeim sé öðrum að kenna.

Sjöunda og síðasta atriðið er *hæfni nemenda til að bæta dómgreind sína og visku með daglegum æfingum*. Ungt fólk bætir og örvar ekki eigin dómgreind nema það fái tækifæri til að nota hana daglega. Tækifæri til að þjálfa hana í umhverfi þar sem áhersla er lögð á að maður læri af mistökum sínum án refsingar. Í stað refsingar skoði nemendur hvað gerðist, hvernig má bæta úr, hvernig kemur vandamálið við aðra og hvernig getum við leyst vandan. Þannig þjálfa nemendur siðferðisvitund sína og bæta eigin dómgreind.

Nauðsynlegt er að tryggja öruggt umhverfi fyrir nemendur til að æfa og þjálfa þessi atriði. Þar koma bekkjarfundir inn sem lykilatriði, þar geta nemendur rætt saman og æft þessi atriði. Bekkjarfundir þurfa að vera reglulega og sjálfsagðir eins annað í eðlilegu skólustarfi. (Glenn, Lott og Nelsen, 2000, bls. 12–17).

Þessari stefnu fylgja líka leiðbeiningar fyrir kennara sem meðal annars minna þá á að þeir eru fyrirmynd. Þeir þurfa að læra að skilja ástæður rangrar hegðunar og að samskipti þeirra við nemendur þurfa að byggjast á trausti og samvinnu. Jákvæður agi gerir líka ráð fyrir að kennarar tileinki sér breyttar vinnuaðferðir við bekkjarstjórn. Þeir gefi nemendum valkosti og feli þeim ákveðna ábyrgð eða verkefni í skólanum. Þeir þurfa einnig að tileinka sér spurningatækni þar sem leitast er við að nemandi sé þátttakandi í lausninni. Spyrja þarf leiðandi spurninga á borð við hvað ætlum við að gera, hvernig og hvers vegna. Einnig þarf að passa að allir séu þátttakendur og sömu reglur gilda fyrir alla, bera virðingu fyrir skoðunum og þekkingu nemenda og sýna þeim umhyggju og trúnað (Glenn, Lott og Nelsen, 2000, bls.18–21).

3.3 SMT-skólafærni

SMT-skólafærni er uppeldisstefna sem byggir á hugmyndafræði PMT-foreldrafærni. Hún er ætluð til að móta hegðun nemenda, til að tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Hún leggur áherslu á að draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart þeim, auka félagsfærni og verðlauna jákvæða hegðun. Þessi uppeldisaðferð er byggð á rannsóknum sérfræðinga í Oregon í Bandaríkjunum. Rannsóknir þeirra hafa leitt í ljós að í skólum má gera ráð fyrir þrenns konar nemendum. Í stærsta hópnum eru svokallaðir venjulegir nemendur, svo

eru nemendur sem sýna merki andfélagslegrar hegðunar og að lokum sá hópur sem sýnir andfélagslega hegðun. Brugðist er við þessum hópum á mismunandi vegu með aðferðum sem tekur tvö til fjögur ár að innleiða (SMT-skólafærni, e.d.)

SMT-skólafærni þróuð út frá PMT-foreldrafærni og byggir á félagsmótunar- og félagsnámskenningu Gerald Patterson um þróun andfélagslegrar hegðunar (PMT-foreldrafærni, e.d.). Aðferðin gengur út frá því að hegðun barna sé félagsleg og lærd í gegnum aðra. PMT-foreldrafærni byggir á að unnið sé með ákveðna grunnþætti til að brjóta niður þann vítahring sem samskipti foreldra og barna eru komin í. Þegar unnið er með þessa þætti, sem Margrét Sigmarsdóttir (2002, bls. 21) kallar reyndar verkfæri PMT-meðferðar, eru þau samtvinnuð sérkennum hverrar fjölskyldu sem unnið er með. Helstu verkfæri PMT-meðferðar eru fyrirmæli og jákvæð samskipti við barnið og notkun hvatningar við kennslu á nýrri og betri hegðun. Setja mörk til að draga úr og stöðva andfélagslega hegðun barnsins. Finna lausnir til uppbyggilegra aðferða á samskiptum á heimilinu. Eftirlit með hegðun barnsins, bæði innan sem utan við heimilið, gott samband við skólakerfið og stjórn á neikvæðum tilfinningum.

Fyrirmæli. Foreldrar gefa börnum sínum mörg fyrirmæli á dag og er brýnt að þau séu skýr svo ekki fari á milli mála til hvers er ætlast af þeim. Algennt er að foreldrar gefi börnum sínum óskýr fyrirmæli, segja þeim hvernig þau eiga ekki að haga sér frekar en hvernig þau eiga að haga sér. Einnig er algennt að foreldrar noti hótanir og óljós fyrirmæli. Skýr fyrirmæli segja börnum til hvers er ætlast af þeim, sett fram á rólegan og yfirvegaðan hátt og einkennast af umhyggju fyrir barninu. Dæmi um skýr skilaboð er þegar því eru gefin stutt og einföld fyrirmæli; að segja barninu hvað það á að gera í stað þess að leggja það í hendurnar á barninu að ákveða sig. Gefa barninu tækifæri á að fara eftir fyrirmælunum með því að gefa þau í tíma þannig að barnið hafi tíma til að bregðast við. Foreldrar verða að vera meðvitaðir hvernig fyrirmælin eru sett fram, eru þau sett fram á neikvæðan hátt, með hæðni eða pirringi. Það er mikilvægt að foreldrar eða forráðamenn passi raddblæinn hjá sér við framsetningu á fyrirmælum (Margrét Sigmarsdóttir, 2002, bls. 21; Sigurborg Kristjánsdóttir, 2007, bls. 11–12).

Hvatning, er eitt af verkfærum PMT-foreldrafærni. Sjálftraust barna eykst við hvatningu, umbun frá foreldrum fyrir jákvæða og góða hegðun. Margrét Sigmarsdóttir (2002, bls. 21) talar um að hvatning sé einstakt verkfæri fyrir foreldra að nota til að kenna nýja hegðun og viðhalda henni. Hvatningarkerfi PMT er skipt í fjögur mismunandi stig. Fyrsta stigið er félagsleg hvatning sem felst í hrósi, brosi, faðmalagi

og svo framvegis. Stig tvö er verðlaunakerfi þar sem börn fá límmiða, stjórnur eða einhver sýnileg verðlaun fyrir að gera eins og fyrir þau er lagt. Börn þurfa að vera með á hreinu hver tilgangur kerfisins er, að þau geti til dæmis safnað verðlaunum saman og skipt á þeim og stærri verðlaunum. Passa verður að hafa verðlaunin þannig að þau skipti börnin einhverju máli og að þau hæfi aldri þeirra, áhuga og þroska. Þriðja stigið er einfalt umbunarkerfi til að fá börn til samstarfs við heimilisverkin til dæmis og önnur viðvik á heimilinu. Þegar börn hafa tileinkað sér þessi vinnubrögð er vægi umbunarinnar minkað og árangrinum haldið við með því að umbuna af og til. Fjórða stigið í hvatningarkerfinu er þrepaskipt umbunarkerfi, það er notað þegar þarf að fá börn til samstarfs í sérstökum aðstæðum sem er erfiðar. Hegðun barnsins er þá brotin niður í smærri einingar og umbunað fyrir þær. Þegar notast er við þetta stig þarf að skilgreina betur hvaða hegðun eigi að umbuna. Ákveða þarf hvað börnin ráða við svo þau upplifi muninn á réttri og rangri hegðun. Síðast en ekki síst þarf að veita góðri hegðun eða færni athygli og umbuna fyrir hana. Börn eiga að geta safnað saman umbunum fyrir skipti á stærri umbun ef um það hefur verið samið (Sigurborg Kristjánsdóttir, 2007, bls. 12–14).

Mörk. Ef börn sýna ekki samstarfsvilja við fyrirmælum foreldra eða ef hvatningarkerfið virkar ekki sem skyldi þarf að setja börnum mörk um hvernig þau eiga að haga sér og vera. Með því að setja þeim mörk eru foreldrar eða forráðamenn að aðstoða börn við að þroskast og forða þeim frá árekstrum sem þau gætu síðar lent í á lífsleiðinni. Ef börn sýna ekki samstarfsvilja við eðlilegum og sanngjörnum kröfum verða þau að taka afleiðingum. Óæskilega hegðun þarf að stöðva strax og börn verða að átta sig á að alvara liggja að baki fyrirmælum. Passa verður að viðurlög séu sett fram á rólegan og yfirvegaðan hátt, þannig að börn geri sér grein fyrir hvað mótþrói hafi í för með sér ef til þeirra eru gerðar sanngjarnar kröfur. Viðurlög við brotum geta verið forréttindamissir, eitthvað sem börnum finnst skemmtilegt, skerðing á vasapeningum, heimilisverk sem barninu finnst ekki skemmtilegt og svo framvegis. Viðurlög geta einnig verið einvera þar sem barnið er látið kæla sig niður í stutta stund. Með viðurlögum sem þessum er verið að kenna börnum sjálfsstjórn og verið að segja þeim að ákveðin hegðun hefur afleiðingar. Mikilvægt er að börn sjái strax að óæskileg hegðun er ekki leyfð eða viðurkennd, og brýnt er að sett séu viðurlög áður en vandinn verður meiri. Þess vegna leggja PMT fræðingar áherslu á að jákvæð hegðun sé verðlaunuð þannig að barnið finni að slík hegðun er eftirsóknaverð. Passa verður upp

á að áhersla sé lögð hvatningu því jákvæð hegðun fylgir henni (Margrét Sigmarsdóttir, 2002, bls. 21; Sigurborg Kristjánsdóttir, 2007, bls. 14–16).

Lausnarleit er eitt af verkfærum PMT-foreldrafærni og er góð leið þegar foreldrar standa ráðþrota fram fyrir hegðun barna sinna. Þeir geta reiðst, fyllst sektarkennd og depurð, ástæða þess er oft ekki bara hegðun barnanna heldur viðbrögð þeirra við hegðuninni. Kerfisbundin lausnarleit stuðlar að jafnvægi í fjölskyldunni og dregur úr samskiptaerfiðleikum (Margrét Sigmarsdóttir, 2002, bls. 21).

Eftirlit er eitt af verkfærum PMT-foreldrafærni, það er sú leið sem foreldrar geta farið til að fylgjast með árangri barna sinna. Eftirlitið verður að taka mið af aldri og þroska barnanna og þeirra sem þau umgangast reglulega. Foreldrar geta stýrt barninu sínu í félagsskap sem er betri fyrir barnið og fylgst betur með hvað er að gerast hjá því (Margrét Sigmarsdóttir, 2002, bls. 22). Börn foreldra sem ekki vita hvað þau aðhafast frá degi til dags eru líklegri til að lenda í ógöngum og hegða sér óæskilega, heldur en börn foreldra sem hafa eftirlit með börnum sínum (Sigurborg Kristjánsdóttir, 2007, bls. 18).

Tengsl heimilis og skóla er verkfæri sem PMT-foreldrafærni notar sér, foreldrar fá aðstoð við að skapa góð tengsl þar á milli. Foreldrar eru mikilvægustu kennarar barna sinna og geta haft mest áhrif á frammistöðu þeirra í skóla. Þeir geta tekist á við þau vandamál sem koma upp og nýtt þau verkfæri sem þeir haf til þess (Margrét Sigmarsdóttir, 2002, bls. 22).

Hafnarfjörður hefur verið leiðandi hér á landi í innleiðingu SMT-skólafærni og PMT-foreldrafærni. Á skólavef Hafnfirðinga (SMT-skólafærni, e.d.) kemur fram að hjá þeim tekur innleiðingin þrjú ár. Fyrsta árið fer í að styðja alla nemendur skólans, reglur eru settar, einfaldar og nákvæmar þannig að öllum sé ljóst til hvers þær eru. Þær eru hafðar sýnilegar og settar á vegg og kenndar með sýnikennslu og æfingum. Hvatning er notuð til að umbuna nemendum fyrir árangur og framfarir, og mikil áhersla er á notkun félagslegrar hvatningar eins og til dæmis að hrósa því sem vel er gert. Auk þess hafa sumir farið þá leið að setja upp táknerfi sem formleg leið hvatningar en það er gert meðal annars með því að börn fá í hendur einhvern hlut sem táknar góða hegðun. Skýr mörk eru sett og minniháttar og alvarleg hegðunarfrávik skilgreind, afleiðingar skilgreindar vegna hegðunarbrot og ráðast þær af alvarleika brotanna. Á öðru ári er áherslan á stuðning við nemendur sem sýna merki um andfélagslega hegðun. Afmörkuð svæði skólans, eins og skólastofan, eru skipulögð til að draga úr líkum á árekstrum. Nemendur eru þjálfaðir í að hlýða athyglismerkjum frá

starfsfólki og farið er í einbeitingarleiki til að nemendur þjálfist í að hunsu truflun. Haldið er áfram að vinna eftir skýrum reglum og nemendur vandir á aukið aðhald með þeim. aðferðir lausnarleitar eru innleiddar til að nemendur læri að leysa ágreining með skipulögðum hætti og tilliti til allra aðila. Á þriðja árinu er svo lögð áhersla á þá nemendur sem sýna mikla andfélagslega hegðun. Unnið er mikið með aðlögun þeirra í samstarfi heimilis og skóla, foreldrar fá kennslu og ráðgjöf í PMT-foreldrafærni og gripið er til einstaklingsmiðaðra aðgerða í skólanum. Nemendur fá enn markvissari kennslu og þjálfun í félagsfærni.

3.4 Samantekt

Nauðsynlegt er fyrir grunnskóla að setja sér skýrar, einfaldar reglur og mörk um það hvernig uppeldisstjórnun er háttáð. Á Akureyri hefur verið tekin sú stefna að grunnskólarnir innleiði viðurkenndar uppeldisstefnur til að nota sem viðmið um hvernig uppeldisstjórnun er háttáð. Einn af aðal kostum þess að innleiða uppeldisstefnu í grunnskólann er að með því fæst rammi sem starfsmenn og nemendur skólans geta unnið eftir. Samræmd vinnubrögð starfsmanna gera það að verkum að nemendur og starfsmenn eru öruggari í sínu umhverfi. Alls staðar í þjóðfélaginu er eitthvað taumhald sem stýrir okkur, hvort sem það er í íþróttum, í umferðinni, á heimilum eða bara í samskiptum við annað fólk. Að taka upp uppeldisstefnu er leið til að styrkja þetta félagslega taumhald og að þjálfa börn upp í að verða virk í lýðræðislegu samfélagi.

4 Um könnunina

Markmið könnunarinnar sem hér er gerð grein fyrir var að kanna hver birtingarmynd umhyggju og virðingar er í uppeldisstefnum grunnskóla á Akureyri. Gögnum í niðurstöðukafla var safnað á tvo vegu, annars vegar fór höfundur yfir heimasíður skólanna og skoðaði skólanámskrár, stefnu skólanna og hvort sérstaklega var minnst á agamál til að tryggja að sama væri skoðað hjá öllum skólum. Í öðru lagi fékk höfundur leyfi frá deildarstjóra skóladeildar Akureyrarbæjar, Gunnari Gíslasyni, til að senda eina spurningu á alla skólastjóra í grunnskólum á Akureyri og nota svarið í ritgerðina. Spurningin hljóðaði svona „Hver er birtingarmynd umhyggju og virðingar í agastjórnun þíns skóla?“. Könnunin var gerð í grunnskólum á Akureyri en ekki í sveitarfélaginu Akureyri, þess vegna voru grunnskólinn í Grímsey, Hrísey og Hlíðarskóli ekki skoðaðir.

Spurningin var send með tölvupósti til skólastjórnenda sjö grunnskóla þar sem höfundur útskýrði verkefnið og lýsti því hvað hann væri að gera. Í sama skeyti bað höfundur skólastjórana um að svara spurningunni með tölvupósti og svarið ætti að vera um það bil hálf blaðsíða. Höfundur gaf skólastjórum kost á því að þeir fælu næstráðenda eða öðrum þeim sem þeir treystu að svara spurningunni fyrir hönd skólans. Tveir skólastjórnendur óskuðu eftir því að höfundur mætti í skólann með upptökutæki og tæki svarið upp. Þeim óskum var mætt og tók höfundur viðtal við þá skólastjóra á skrifstofum þeirra í skólunum. Í einu tilviki svaraði aðstoðarskólastjóri erindi höfundar, en annars svöruðu skólastjórar skólanna erindinu sjálfir.

Svörin sem fengust frá skólastjórnendum eru notuð sem grunnur í niðurstöðukaflanum. Þau eru ekki sett beint inn orð fyrir orð í kaflann, heldur vann höfundur lítillega með textann til að gera hann liprari til aflestrar en passaði jafnframt að túlka ekki svörin þannig að merking þeirra glataðist eða breyttist.

5 Niðurstöður

5.1 Lundarskóli

Samkvæmt skólanámskrá Lundarskóla er stuðst við SMT-skólafærni. Yfirskrift skólans er, *Þar sem okkur líður vel*. Í skólanámskrá er að finna kafla um skólareglur, aga og umgengni. Þar segir meðal annars að markmið skólans með innleiðingu SMT-skólafærni sé að skapa jákvætt og gott andrúmsloft og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Áhersla er lögð á að koma í veg fyrir óæskilega hegðun með því að gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti. Lögð er rækt við að auka og bæta félagsfærni nemenda og að samræma viðbrögð hjá starfsfólki skólans.

Lundarskóli setur stefnu skólans fram með stefnukorti. Þar eru teknir fyrir stefnuþættir skólans, markmið og leiðir að markmiðum. Í stefnukortinu er ekki talað beint um umhyggju og virðingu en þar er talað um að einkunnarorð og gildi skólans eigi að koma fram í öllu skólastarfi, allt starfsfólk láti alla nemendur sig varða og að vellíðan og sjálfsmynd nemenda sé eflid.

Samkvæmt svari skólastjóra Lundarskóla eru virðing og umhyggja snar þáttur í uppeldisstjórnuninni. Yfirhugtök SMT-skólafærinnar hjá þeim eru virðing og tillitssemi. Yfirhugtökin eru notuð mikið og sem dæmi um það er að umbunin sem nemendur fá eru svokallaðir vitar sem hefur skírskotun í virðingu og tillitssemi. Lundarskóli leggur áherslu á að nemendum séu kenndar reglur skólans og að þær séu settar fram á jákvæðan hátt, nemendum sé sagt hvað þeir eiga að gera en ekki hvað þeir eiga ekki að gera. Yfirskriftorð skólans eru notuð mikið og rætt er við nemendur um hvað hver og einn geti gert til að honum og öðrum líði vel. Virðing og tillitssemi koma víða fram í skólastarfi Lundarskóla og uppeldisstjórnun er ekki aðskilin þáttur frá öðru starfi heldur samofin því. Það er partur af umhyggju gagnvart nemendum í Lundarskóla að fleiri en einn kennari komi að kennslu þeirra, að nemendur læri að vinna saman í ólíkum hópum og læri þannig að bera umhyggju og virðingu fyrir öllu skólasamfélaginu. Lundarskóli hefur verið í teymisvinnu sem byggð er á sjálfsmati skólans frá 2007 þar sem starfsfólk greindi hvernig skólinn gæti komið betur til móts við nemendur á þeirra forsendum. Einstaklingsmiðað nám sem kemur til móts við breytilegar þarfir nemenda er ein af niðurstöðunum. Þannig sé nemendum líklega sýnd mest umhyggja og virðing.

5.2 Naustaskóli

Samkvæmt skólanámskrá Naustaskóla er stuðst við Jákvæðan aga. Áherslur í starfi skólans eru, námsaðlögun, athvarf, umhyggja og virðing, samvinna, táp og fjör og allir með. Í stefnu skólans er sagt að hlutverk hans sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda til að gera þá að ábyrgum og hæfum þjóðfélagsþegnum. Hann hefur það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda. Naustaskóli leggur sérstaka áherslu á að koma til móts við hvern og einn nemenda þannig að þeir verði lífsglaðir, sjálfstæðir og sjálfsöruggir. Umhyggja og virðing eru meðal áhersluatriða í stefnu Naustaskóla. Markmið skólans með þessari áherslu er að samskipti í skólasamfélaginu á byggi þessum gildum og að nemendur læri að bera virðingu og umhyggju fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu. Leiðir að þessum markmiðum eru meðal annars, jákvæð agastefna, samstaða um gildi, notkun bekkjafunda, aldursblöndun nemenda og sveigjanleg hópaskipting.

Samkvæmt upplýsingum skólastjóra Naustaskóla er birtingarmynd umhyggju og virðingar þar meðal annars innleiðing á Jákvæðum aga sem uppeldisstefnu. Innleiðing stefnunnar tekur lengri tíma en einn vetur þannig að enn er töluvert langt í land hjá þeim. Umhyggja og virðing eru hluti af áherslum skólans og hefur starfsfólk þau í huga í öllu skólastarfi. Nemendum er sýnd umhyggja og virðing með því að nálgast þá alltaf á þann hátt að reynt er að ræða hlutina, spyrja hvernig þeim líður og draga úr skömmum og nöldri. Það er upp á að samræmi sé í ákvörðunum þannig að hægt sé að fylgja þeim eftir. Nemendum er sýndur áhugi og leitast við að kynnast þeim og áhugamálum þeirra. Þeir eru spurðir um líðan og útskýrt er fyrir þeim af hverju gerðar eru kröfur til þeirra. Starfsfólk Naustaskóla leggur mikla áherslu á að hlusta á nemendur sína og hvað þeir hafa til málanna að leggja, meðal annars með því að haldnir eru bekkjafundir að minnsta kosti þrisvar í viku. Þar eru málin rædd og nemendur fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar, hrósa og koma fram með það sem betur mætti fara. Naustaskóli er að stíga fyrstu skrefin í að halda skólalæping þar sem nemendur munu fá tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Ef þetta er dregið saman er líklega hægt að segja að í Naustaskóla séu lyklatríðin að reyna að hlusta á hvert annað og taka tillit til hvers annars.

5.3 Oddeyrarskóli

Samkvæmt skólanámskrá Oddeyrarskóla er stuðst við SMT-skólafærni. Yfirskrift skólans eru sú sama og yfirhugtök uppeldisstefnunnar: *Ábyrgð, virðing og vinátta*. Oddeyrarskóli er fámennur grunnskóli og byggir á persónulegum samskiptum og hlýleika. Skólinn brynir fyrir nemendum að koma fram af virðingu við sjálfan sig og náungann, að þeir séu víðsýnir og efla með sér hæfileikan til að virða ólíkt gildismat.

Samkvæmt svari skólastjóra Oddeyrarskóla er skólinn á þriðja ári í innleiðingu SMT-skólafærni, og er uppeldisstefnan að verða samofin skólanum. Umhyggja fyrir nemendum byggist á því að skólinn hefur uppeldisstefnu sem hann fylgir. Starfsfólk skólans er samstíga í að senda öllum sömu skilaboð og gera ekki mannamun í þeim efnunum. Það er stöðugt verið að vinna í því að byggja undir jákvæðni í samskiptum milli nemenda og starfsfólks. Nemendum eru sett skynsamleg mörk varðandi hegðun og framkomu þannig að þeir verði góðir og gildir þegnar í samfélaginu. Birtingarmynd virðingar í Oddeyrarskóla sýnir sig í því hvernig starfsfólk nálgast nemendur sína í athöfnum og orðum. Nálægð og hlýja er hluti af því. Starfsfólk forðast að vera dæmandi og bendir frekar á hvernig hlutirnir eiga vera en ekki hvernig þeir vilja að þeir séu ekki. Virðingin birtist líka í því að nemendur eiga að vera virkir og duglegir þátttakendur í að skapa umhverfi í sínum bekk þar sem leitast er við að finna lausnir sem bekkurinn og samfélagið er sátt við.

5.4 Síðuskóli

Samkvæmt skólanámskrá Síðuskóla er stuðst við SMT-skólafærni og er skólinn að hefja sitt fjórða ár í innleiðingu hennar. Yfirskrift skólans er sú sama og yfirhugtök uppeldisstefnunnar, það er *ábyrgð virðing og vinátta*. Höfuðmarkmið Síðuskóla er að skapa öruggar og uppbyggjandi aðstæður þannig að nemandi fái kennslu við hæfi og þroskist í samræmi við getu. Sjálfsvirðing nemenda og sjálfstraust er eflt með því að nemendur taki aukna ábyrgð á eigin málum og sameiginlegum með samnemendum sínum. Félagsþroski þeirra er byggður upp með jákvæðum samskiptum og umburðarlyndi.

Samkvæmt svari skólastjóra Síðuskóla skipar virðing stóran sess í starfi skólans og reynt er að innræta nemendum aukna sjálfsvirðingu, virðingu fyrir öðrum og eignum annarra. Starfsfólk á að sýna gott fordæmi og vera nemendum sínum fyrirmynd. Borin er virðing fyrir því að engir tveir einstaklingar eru eins og þeir eru

gæddir misjöfnum hæfileikum. Mikilvægt að koma nemendum út í samfélagið sem góðum og umhyggjusömum einstaklingum. Komið er fram við nemendur eins og starfsfólk vill að komið sé fram við það, af kurteisi og umhyggju og það skilar ánægðari og betri nemendum. Nemendum er sýnd sú virðing og umhyggjusemi að ef þeir eru í þann veginn að brjóta reglur eða gera eitthvað af sér, er þeim boðið að hætta við og snúa til betri vegar. Umhyggja og virðing birtist í að sýna gott fordæmi á allan þann hátt sem hægt er, hrósa fyrir það sem vel er gert, það sem aflaga fer er leiðrétt. Nemendum er sýnd umhyggja og hlýja við öll tækifæri.

5.5 Glerárskóli

Samkvæmt skólanámskrá Glerárskóla er hann í innleiðingarferli á Jákvæðum aga. Yfirskrift skólans er: *hugur, hönd og heilbrigði*. Velliðan í skólanum er grunnur að farsælu og góðu skólastarfi og er lagt upp með að nemendur móti sér ábyrgan lífstíl og lífsgildi. Það felur meðal annars í sér ræktun andlegra verðmæta, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk. Þannig er stuðlað að heilbrigði nemenda. Glerárskóli hefur unnið samkvæmt eineltisáætlun Olweusar frá 2002 með góðum árangri og er hluti af ástæðunni fyrir því að þar er verið að innleiða Jákvæðan aga. Skólinn telur að hugmyndafræði Jákvæðs aga og Olweusaráætlunin passi vel saman og styðji hvort annað. Ýmislegt sameiginlegt er með þessum tveim stefnum. Þær byggja meðal annars báðar á bekkjarfundum. Skólinn á að vera staður sem mótast af virðingu og umhyggju, að starfsfólk skólans sé nemendum fyrirmynd og að þeim séu markvisst kennd góð samskipti frá skólabyrjun.

Samkvæmt svari skólastjóra Glerárskóla reynir skólinn að byggja á gömlum og góðum gildum, þeim gildum sem við viljum sjá í notkun í samfélaginu. Nemendalýðræði sé virkt þannig að nemendur finni að þeir hafi áhrif á það skólasamfélag sem þeir eru hluti af. Kennarar skólans eiga að hafa í heiðri að mæta nemendum með umhyggju og virðingu og koma fram við þá eins og þeir vildu að komið væri fram við þá sjálfa. Kennarar eru fyrirmyndir og verða því að iðka það sem þeir predika og reyna að innræta nemendum. Grundvallarregla skólans er að tala aldrei niður til neins og reynt er að byggja upp skólabrag sem einkennist af umhyggju, gagnkvæmri virðingu, reisn og vinsemd.

5.6 Brekkuskóli

Samkvæmt skólanámskrá Brekkuskóla er stuðst við Uppbyggingu sem uppeldisstefnu. Yfirskrift skólans er *menntun, gleði, umhyggja og framfarir*. Lögð er áhersla á að þessi hugtök og gildi setji mark sitt á skólastarfið. Þar er tekið mið af stöðu hvers og eins í skólasamfélaginu, allir standa saman og sýna hver öðrum umhyggju. Lögð er áhersla á sameiginleg gildi í skólasamfélaginu og að allir sýni hver öðrum virðingu og kurteisi. Heiðarleiki og umburðarlyndi ríki gagnvart ólíkum skoðunum og að skólinn sé samfélag þar sem umhyggjusemi og gleði sé í fyrirrúmi.

Samkvæmt svari aðstoðarskólustjóra Brekkuskóla er birtingarmynd umhyggju og virðingar í skólanum í mörgum smáum hlutum. Þar er t.d. tryggt að engin þurfi að hefja skóladaginn svangur með því að bjóða upp á hafragraut á morgnanna. Eftirlit og innra mat tekur reglulega púlsinn á því hvort verið sé að fylgja stefnu skólans eftir. Skólinn starfar eftir eineltisáætlun Olweusar og vinnur hún með uppbyggingarstefnunni að skólasamfélagi sem grundvallast að mörgu leyti af umhyggju og virðingu.

5.7 Giljaskóli

Samkvæmt skólanámskrá Giljaskóla er stuðst við uppbyggingu sem uppeldisstefnu. Yfirskrift skólans eða lífsgildi hans eru: *metnaður, víðsýni, ábyrgð, virðing, lífsgleði og kærleikur*. Sýn og stefna Giljaskóla tekur mið af því hvað kemur einstaklingi best til að ná árangri í lífinu: að hann efli siðferðilegan styrk sinn og njóti sín í þeim störfum sem hann tekur sér fyrir á lífsleiðinni. Til að ná þessum markmiðum leggur skólinn áherslu á þau lífsgildi sem hann hefur að leiðarljósi. Til að tryggja vellíðan og öryggi er lögð áhersla á virðingu, lífsgleði og kærleika. Ef samskipti eru mótuð af kærleika og virðingu er skapaður jarðvegur til að þroskast og læra. Lífsgildi skólans eiga að endurspeglar allt starf hans.

Samkvæmt svari skólustjóra Giljaskóla er birtingarmynd umhyggju og virðingar í uppeldisstefnu skólans meðal annars það að mega gera mistök, að koma fram af virðingu og kærleika og að láta það einkenna öll samskipti, líka þegar illa gengur. Horft er til grunnþarfanna, sem eru öryggi, að tilheyra, hafa áhrif, frelsi og gleði. Það hafa allir einhverjar af þessum þörfum en kannski misjafnlega sterkar. Öll hegðun er til að uppfylla einhverjar af þessum þörfum, bæði neikvæð og jákvæð hegðun. Mistök eru fyrirgefin og unnið er með þau með nemendum þannig að

lærdómur sé dreginn af þeim. Allir hafa rétt á því að uppfylla sínar þarfir svo lengi sem ekki er brotið á öðrum við að uppfylla þær. Bekkjjarfundir eru notaðir til að leysa úr vandamálum og bekkjarsáttmálar gerðir þar sem „mitt hlutverk - þitt hlutverk“ eru skilgreind. Bekkjarsáttmálinn er notaður til að koma nemendum og kennurum á rétta braut og minna þá á ábyrgð sína.

5.8 Samantekt - helstu niðurstöður

- Allir grunnskólar á Akureyri hafa innleitt eða eru í innleiðingarferli á viðurkenndri uppeldisstefnu. Innleiðing á uppeldisstefnum er almennt komin lengra veg í þeim skólum sem byggja á SMT-skólafærni en Uppbyggingu og Jákvæðum aga.
- Skólar sem nota Uppbyggingarstefnuna og Jákvæðan aga virðast horfa meira til gilda og dygða í uppeldisstjórnun en SMT-skólafærni.
- Heimasíður skólanna eru eins misjafnar og þær eru margar. Sumar þeirra eru til fyrirmyndar er kemur að upplýsingum um uppeldisstjórnun en aðrar ekki.
- Samkvæmt svörum skólastjóranna kemur umhyggja og virðing víða fram í starfi skólanna. Hún birtist í smáum hlutum sem stórum. Í sumum skólum er boðið upp á hafragraut á morgnana þannig að enginn þurfi að byrja daginn svangur. Reynt er að virkja nemendalýðræði, nemendum er boðið að víkja af rangri braut yfir á rétta ef vandamál koma upp vegna hegðunar, og svo framvegis.

6 Umræður

Allir grunnskólar á Akureyri byggja starf sitt á viðurkenndum uppeldisstefnum. Þrír skólar byggja starf sitt á SMT-skólafærni, tveir á Uppbyggingarstefnunni og tveir á Jákvæðum aga. Innleiðing á uppeldisstefnum í grunnskólunum er í samræmi við þá stefnu skóladeildar Akureyrarbæjar að grunnskólarnir byggji uppeldisstjórnun sína á viðurkenndum uppeldisstefnum. Þeir þrír skólar sem starfa eftir SMT-skólafærni virðast vera komnir lengra á veg í innleiðingu á viðurkenndri uppeldisstefnu en hinir fjórir. Það kann að skapast af því að Akureyrarbær fylgir í kjölfarið á Hafnarfjarðarbæ þar sem SMT-skólafærni var innleidd í alla skóla fyrir nokkrum árum síðan og hafa þeir verið leiðandi í innleiðingu á þeirri uppeldisstefnu þannig að reynsla var komin á stefnuna í skólum þar. Einnig var mikið efni til hjá Hafnfirðingum og virðist það vera þannig að flestir skólar sem innleiða SMT-skólafærni hér á landi innleiða Hafnfirsku leiðina. Vinsældir SMT-skólafærni skapast að ég tel ekki af því að sú uppeldisstefna sé betri en aðrar, heldur séu ástæðurnar þær, að mikið af efni er til á íslensku, stórt bæjarfélag er komið með reynslu í sínum skólum af stefnunni þangað sem hægt er að sækja í reynslubrunn. Einnig virðist þessi stefna njóta afgerandi forgangs hjá skóladeild Akureyrarbæjar. Skóladeild, Fjölskyldudeild og Heilsugæslan halda úti verkefnastjóra yfir PMT-foreldrafærni og SMT-skólafærni (PMT-foreldrafærni á Akureyri, e.d.).

Uppeldisstefnur gera ýmislegt fyrir skólastarf almennt séð, en stærsti kosturinn við þær tel ég að sé að með þeim fæst ákveðið samræmi í viðbrögð starfsmanna skóla við brotum gegn skólareglum og gildum skólanna. Í stað þess að reglurnar séu einungis á blaði í skólanámskrá þá er gert ráð fyrir því að ákveðin vinnubrögð séu stunduð til að framfylgja þeim og þær gerðar sýnilegar nemendum og ekki síst starfsfólki. Samræmi í vinnubrögðum, eftirfylgni með reglum og þeim gildum sem skólar setja sér er að ég tel besta félagslega taumhald sem skólar geta boðið. Ég útskrifaðist úr grunnskóla fyrir 20 árum og ég minnst þess ekki að þar hafi verið ákveðin uppeldisstefna eða að samræmi hafi verið í framkvæmd skólareglna. Þar voru jú reglur og viðurlög við brotum á þeim. Aðalvopn kennara var þó að mig minnir hótun um að senda til skólastjóra eða brottrekstur úr skóla. Uppeldisstefnur skólana gera ráð fyrir því að nemendum sé boðið að breyta rétt ef þeir eru á rangri leið. Reglur eru hafðar sýnilegar og hlutverk nemenda og starfsmanna skilgreind. Í

Uppbyggingarstefnunni og Jákvæðum aga er nemendalýðræði virkjað með bekkjarsáttmálum sem kennari og nemendur setja niður í sameiningu, brot á honum eru svo leyst innan bekkjarins..

Noddings (1984, bls. 196–197) talar um að með því að auka vægi siðferðilegra gilda í kennslu sé hægt að minnka eða losna við uppeldisstjórnunarþætti í skólum. Ég ætla nú ekki að taka svo djúpt í árinna, en með markvissri dygðakennslu og innrætingu gilda eins og til dæmis umhyggju og virðingu, minnkar eflaust áreiti vegna brota gegn skólareglum og reglum samfélagsins. Ef horft er til Uppbyggingarstefnunnar og Jákvæðs aga þá er vægi gilda og dygða stór þáttur. Þessar uppeldisstefnur gera ráð fyrir því að ákveðin gildi og dygðir sem starfsfólk og nemendur ákveða saman, eigi að einkenna allt skólastarf. Hægt er að segja að markviss gilda og dygðakennsla sé uppeldisstjórnun í sjálfu sér. Í *Aðalnámskrá grunnskóla: Lífsleikni* (2007, bls. 5) er gert ráð fyrir því að kennsla á lífsleikni hefjist í fjórða bekk og þá fái hún skilgreindan tíma í stundartöflu. Fram að því er hún samofin markmiðum í öðrum greinum. Inntak lífsleikninnar á meðal annars að vera kennsla siðvits og að nemandinn geri sér grein fyrir stöðu sinni í lýðræðislegu samfélagi, að hann læri gildi og dygðir sem lúta meðal annars að jafnrétti, skyldum og ábyrgð, mannréttindum, umburðarlyndi og gagnkvæmri virðingu. *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti* (2006, bls. 10) segir að skólastarf eigi að taka mið af kristnu siðgæði, lýðræðislegu samstarfi og umburðarlyndi. Þau gildi sem falla inn í þessara flokka eru jafngildi allra manna, virðing fyrir einstaklingnum og samábyrgð sem flokkast til lýðræðislegs samstarfs. Helstu gildi kristins siðgæðis í skólum eru ábyrgð, umhyggja og sáttfýsi. Einnig eru ýmsar dygðir taldar upp sem skólinn á að leggja áherslu á. Nemendur eiga að vera, meðvitaðir, ábyrgir, hafa heilbrigða dómgreind, kærleiksríkir, sjálfstæðir, samstarfsfúsir, félagslyndir, kurteisir, háttvísir, tillitssamir, námsfúsir, umburðarlyndir, metnaðargjarnir, virða sjálfan sig og aðra, heiðarlegir, hafa gott sjálfstraust, hafa sterkan siðferðisstyrk og lifa heilbrigðu lífi (Gunnar E. Finnbogason, 2004, bls. 176). Með þau gildi og þær dygðir sem hér eru taldar upp að leiðarljósi er kominn sá grunnur sem þarf við að móta góðan nemanda, siðferðisveru og manneskju. Ef uppeldisstefnurnar sem eru í grunnskólum á Akureyri eru skoðaðar, kemur fram að þær horfa til þeirra gilda og dygða sem meðal annars eru taldar upp hér á undan. Uppbyggingarstefnan gerir ráð fyrir því að hún sé iðkuð í samræmi við þau lífsgildi sem starfsmenn og nemendur setja sér og það á einnig við um Jákvæðan aga. Þeir skólar sem hafa innleitt SMT-skólafærni eða eru í því innleiðingarferli vinna mikið

með þau gildi sem er í yfirskrift stefnunnar, ábyrgð, virðing og vinátta, þannig að uppeldisstefnurnar vinna með lífsleiknikennslunni og styðja við skólasamfélag þar sem gildi og dygðir eiga að vera í hávegum höfð.

Stór hluti af birtingarmynd umhyggju og virðingar í uppeldisstjórnun grunnskólanna er hvernig þeir koma upplýsingum á framfæri til foreldra og forráðamanna. Í dag halda allir grunnskólarnir úti heimasíðu og er hún stærsti upplýsingamiðill skólanna. Heimasíður skóla þurfa að vera skýrar og skipulagðar. Það er eflaust þannig að allar þær upplýsingar sem þeim ber að koma til skila eru þar, en síðurnar eru sumar hverjar mjög ruglingslegar og þvæla manni fram og til baka. Jafn veigamiklar upplýsingar fyrir foreldra eins og það hvernig uppeldisstjórnun er hagað í skólunum eiga að vera skýrar og settar upp á einfaldan hátt með tengli á forsíðu. Skólarnir eiga að útskýra betur hvernig framkvæmd þeirrar uppeldisstefnu sem þeir notast við er háttað.

Uppeldisstjórnun er ekki bara reglur og hvernig þeim er fylgt eftir. Stór þáttur er hvernig vinnubrögð kennarar ástunda og skólinn sýnir. Einstaklingsmiðað nám og fjölbreyttir kennsluhættir eru meðal annars þeir þættir sem skipta hvað mestu máli og að nemendum sé mætt í skólanum á þeirra forsendum. Nemandi sem hefur eitthvað fyrir stafni og líður vel í því umhverfi sem hann er að þroska sig í er ekki líklegur til að verða til vandræða. Elín G. Ólafsdóttir (2004, bls. 17) bendir á að nemendum með hegðunarvandræði hafi fjölgað á seinni árum og að þá skorti einbeitingu og úthald. Hún bendir einnig á að bein miðlun og langar kyrrsetur, messuformið, henti þessum nemendum afar illa, þeir verði órólegir og truflaði aðra. Þessir nemendur þurfa skýrar reglur og viðmið, einnig þarf að bjóða þeim upp á fjölbreyttar kennsluaðferðir og einstaklingsmiðað nám. Þetta rímar vel við það sem Rúnar Sigþórsson o.fl. (1999, bls. 156) segja um bekkjarstjórnun, að hún byggji ekki á töfrum heldur markvissum vinnubrögðum sem byggja á góðu skipulagi, hlýju, gagnkvæmri virðingu og skýrum reglum sem nemendur taka þátt í að móta. Það er umhyggja og virðing fyrir nemanda að bjóða þeim upp á nám við hæfi og það fækkar árekstrum í skólastarfinu að nemendur séu uppteknir af námi sínu.

7 Lokaorð

Það sem kom mér einna mest á óvart við lestur og efnisöflun fyrir þessa ritgerð er hversu lélegar sumar heimasíður skólanna eru. Þær eru, eins og ég sagði hér á undan í umræðukaflanum, uppfullar af upplýsingum sem þær eiga reyndar að vera, en skipulagið á þeim og útlit oft frekar dapurlegt. Þetta vandamál skapast eflaust af því að ekki er í öllum tilfellum haldið nógu vel utan um þessi mál í skólunum og síðurnar ekki endurskoðaðar nógu reglulega. Heimasíður skólanna eru sá vettvangur sem foreldrar og forráðamenn eiga geta sótt sér þær upplýsingar sem þeir þarfnast um starfsemi skólanna.

Það er góð þróun að grunnskólar notist við eða taki mið af uppeldisstefnu. Ég er sjálfur hrifnari af Uppbyggingu og Jákvæðum aga en SMT-skólafærni, en það skapast helst af því að þær stefnur gera ráð fyrir meira nemendalýðræði og vinnu með gildi og dygðir. Það sem er jákvætt við allar þessar stefnur er að samræmd vinnubrögð eru notuð hjá starfsmönnum skólans. Minn helsti lærdómur af vinnu við þessa ritgerð er að ég er fróðari en ég var um þær uppeldisstefnur sem eru notaðar í grunnskólum hér á Akureyri. Einnig er ég staðfastari í þeirri trú minni að besta uppeldisstjórnunin sé að nemendur vinni markvisst með gildi og dygðir í öllu skólastarfi.

Ég vil ljúka ritgerðinni með vísu eftir Hjálmar Freysteinnsson lækni sem flest leikskólabörn á Akureyri læra og segir meira en mörg orð um hvað siðvitskennsla getur verið einföld.

Gulli og perlum að safna sér,
sumir endalaust reyna,
vita ekki að vináttan er,
verðmætust eðalsteina.

Gull á ég ekki að gefa þér
og gimsteina ekki neina.
En viltu muna að vináttan er
verðmætust eðalsteina.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla: *Almennur hluti*. (2006). Sótt 10. mars 2010 af

http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/agalmennurhluti_2006.pdf

Aðalnámskrá grunnskóla: *Lífsleikni*. (2007). Sótt 20. apríl af

http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/adalnamskra_grsk_lifsleikni.pdf

Ásdís Hrefna Haraldsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2008). Góður kennari - sjónarhorn grunnskólanemenda. *Uppeldi og menntun*, 17(2), 31–54.

Burden, P. R. og Byrd, D. M. (2007). *Methods for effective teaching*. Boston: Pearson.

Derio, J. A. (2003). Do your students know you care? *Educational Leadership*, 60(6), 60–62.

Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (upphaflega gefin út 1938).

Elín G. Ólafsdóttir. (2004). *Nemandinn í Nærmynd: Skapandi nám í fjölbreyttu umhverfi*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Glenn, S. H., Lott, L. og Nelsen, J. (2000). *Positive discipline in the classroom* (3 útgáfa). New York: Three Rivers Press.

Gunnar E. Finnbogason. (2004). Með gildum skal land byggja: Gildagrunnur skólans. *Uppeldi og menntun*, 13(2), 169–187.

Gunnar Hersveinn. (2008). *Orðspor, gildin í samfélaginu*. Reykjavík: JPV útgáfa.

Jákvæður agi. (e.d.). Sótt 15. mars 2010 af

http://www.naustaskoli.is/page/jakvaedur_agi

- Margrét Sigmarsdóttir. (2002). PMT meðferð fyrir foreldra barna með hegðunarerfiðleika. *Glæður*, 12(2), 18-24.
- Noddings, N. (1984). *Caring- a feminine approach to ethics & moral education*. Berkley: University of California
- PMT-foreldrafærni á Akureyri. (e.d.). Sótt 26 apríl 2010 af <http://pmt.akureyri.is/>
- PMT-foreldrafærni. (e.d.). Sótt 20 mars 2010 af http://www.hafnarfjordur.is/pmt_forsida/pmt/
- Rúnar Sigþórsson (ritstjóri), Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West. (1999). *Aukin gæði náms: Skólaþróun í þágu nemenda*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Sigurborg Kristjánsdóttir. (2007). „Svona gerum við“: *Innleiðing á PMT-verkfærum með starfsendarannsókn í leikskóla*. Óbirt M.Ed-ritgerð, Háskólinn á Akureyri. Sótt 31. mars 2010 af http://skemman.is/bitstream/1946/1250/1/Sigurborg%20Kristj%C3%A1nsd%C3%B3ttir_heild.pdf
- Sigríður Síta Pétursdóttir. (2009). „Blítt bros og hlýtt faðmlag“: Um viðhorf leikskólakennara til umhyggju í leikskólastarfi. *Tímarit um menntarannsóknir*, 6, 129–144
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla.
- SMT-skólafærni. (e.d.). Sótt 20 mars 2010 af http://www.hafnarfjordur.is/pmt_forsida/smt/skolaverkefni/

Stefna skóladeildar Akureyrarbæjar. (e.d.). Sótt 19 mars 2010 af

http://skoladeild.akureyri.is/static/files/Stefna_Skoladeildar_Akureyrarb_2009.pdf

Uppbygging í Giljaskóla. (e.d.). Sótt 16. mars 2010 af

<http://akmennt.is/uppbygging/>

Uppbyggingarstefnan. (e.d.). Sótt 16. mars 2010 af

<http://www.skolatorg.is/kerfi/foldaskoli/skoli/default.asp?sidan=undirsida&flsIID=165&typa=67>

William Glasser institute. (2010). *Choice Theory*. Sótt 31. mars 2010 af

http://www.wglasser.com/index.php?option=com_content&task=view&id=12&Itemid=27